

2. Sekt fyrir óleyfileg vör. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, 123 skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn 1. nóv. hefir greitt 2 kr. gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og skal verðlag á rafmagni samkvæmt gjaldskránni gilda um notkun á rafmagni eftir aflestur mæla um mánaðamótin október—nóvember 1937.

Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og fellur jafnframt úr gildi gjaldskrá um sama efni frá 24. september 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. nóvember 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

124

19. nóv.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá 2. apríl 1928.

6. liður 2. gr. breytist þannig, að í stað orðanna „að Bergstöðum“ komi: að Hvammi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir gert samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

125

27. nóv.

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár. Heimili þess og varnarþing er á Blikastöðum í Mosfellssveit.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði í Úlfarsá (Korpúlfsstaðaá) og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak, eða setja seiði í hana,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega, á einum stað eða fleiri, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Úlfarsá, Hafravatni og Seljadalsá upp að Fossi. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga

125 að nefndum vötnum, Blikastaða, Korpúlfsstaða, Lambhaga, Grafarholts, Reynis-
27. nóv. vatns, Úlfsár, Fellsmúla, Úlfsarfsells, Öskots, Ægislands, Þormáðsdals og Miðdals
upp að fossi neðst í Seljadalsá.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða fisk í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

1. Heimilt er félagsstjórn að leigja veiðivötn félagsins eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum, til stangarveiði, ef sýnilegt þykir að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.
2. Sé þau ekki leigð til stangarveiði, getur félagið rekið laxveiði við þau á einum stað eða fleirum, og ræður mann til að standa fyrir veiðinni, og nefnist hann veiðistjóri.

6. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

7. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut, eða kaupir laxaseiði. Kostnað við það skal jafna niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu. Sé stundað silungsklak, skal láta minnst 10 seiði fyrir hvern veiddan silung $\frac{1}{2}$ kg og þar yfir.

8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

9. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

10. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- a. ef hann er boðaður skriflega með minnst sjö daga fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboði,
- b. sé meiri hluti stjórnar og félagsmanna mættur á fundinum.
- c. Hafi fundur ekki orðið lögmætur, skal boða til fundar á ný með sama fyrirvara, og er hann þá lögmætur án tillits til hve margir mæta.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram

endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kys 125
stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og 27. nóv.
annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um
breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef minnst $\frac{1}{4}$ félags-
manna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðal-
fund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi félagsins
leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur sam-
þykkir og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í
senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla
arðskráin áfram.

14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur
á ársreikningi félagsins. Aðalfundur getur samþykkt að halda eftir allt að 30% af
tekjuafgangi, er færast í félagssjóð. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim
niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 100—1000 kr., nema þyngri refs-
ing liggi við að lögum, og veiði eða andvirði hennar skal gert upptækt og renni í
félagssjóð. Öll veiðarfæri skulu gerð upptæk, sem notuð eru með ólöglegum hætti.

16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi
samþykki breytinguna.

17. gr.

Að því leyti sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari, fer um málefni þessi
eftir lögum um lax- og silungsveiði frá 23. júní 1932.

18. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, til
þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.